24. ágúst 2026

Margrét Gísladóttir á fundi Áfram Íslands á Grundarfirði

https://www.youtube.com/watch?v=A7A5Ix6oxxE

[fagnaðarlæti]

Takk fyrir þetta kæru Snæfellingar og aðrir fundargestir. Við búum í einu farsælasta samfélagi heims. Ísland trónir á toppnum á lífsgæðalista Sameinuðu þjóðanna hefur verið friðsælasta ríki heims frá upphafi mælinga og er næst hamingjusamasta þjóð í heimi. Sé þetta haft í huga er auðvitað ekki nema von að utanríkisráðherra hafi spurt sig og aðra í frægri grein rétt fyrir páska er til annað líf?

Jú sjálfsagt er það til en það er afar hæpið að halda því fram að Íslendingar þurfi að ganga í Evrópusambandið til að öðlast það. Þar með er ég ekki að segja að allt sé fullkomið hér. Við glímum við verðbólgu, háa vexti, húsnæðisvanda og krefjandi rekstrarskilyrði. Það eru verkefnin sem stjórnvöld eiga að beina kröftum sínum að. Þetta eru ekki verkefni Evrópusambandsins.

Ef íslensk stjórnvöld eiga aflögu og orku fyrir jafn stórt verkefni og aðildaviðræður eru, væri kannski bara ágætt að beina þeim viðbótarkrafti í að ná niður verðbólgu og vöxtum og skapa heimilum og fyrirtækjum stöðugleika. Ég get lofað því að þar yrði þjóðin ekki klofin afstöðu sinni. Að kjósa að Ísland standi utan ESB er ekki það sama og að standa utan Evrópu. Við erum og verðum áfram Evrópuþjóð. ESB ríkin eru vinaþjóðir okkar - okkar mikilvægustu samstarfs og viðskiptaþjóðir.

Við erum í Schengen, við erum í NATO og við erum á innri markaðnum í gegnum EES samninginn. Við njótum víðtæks samstarfs en höldum forræði yfir okkar mikilvægustu málaflokkum. Stjórnvöld segjast vilja sækja samning þar sem Ísland fái áfram að ráða sjávarútvegi og landbúnaði. Og ég hef bara nokkuð góðar fréttir því sá samningur er þegar hann heitir EES samningurinn.

Hann er ekki gallalaus og enginn alþjóðasamningur er það svo sem, en hann veitir okkur mjög víðtækan aðgang að Evrópu án þess að við afhendum lykilákvarðanir um matvælaframleiðslu og sjávarauðlindina til Brussel. Þess vegna er það svo undarleg hugmynd að fara af stað í aðildarferli þegar helstu talsmenn þess segja um leið að við viljum ekki samþykkja tvo af grundvallarþáttum aðildarinnar.

Sameiginlegu landbúnaðarstefnuna og sameiginlegu sjávarútvegstefnuna. Aðildaviðræður eru ekki einhver hugarflugsfundur þar sem Ísland og ESB hittast og búa til nýjan samning í tómarúmi. Við værum að sækja um að gerast aðili að Evrópusambandinu, ekki að hluta heldur í heild.

Viðræður og samningur snýst fyrst og fremst um það hvernig aðlögun Íslands að regluverki ESB á sér stað. Mögulega aðlögunarfresti og afmarkaðar sérlausnir, ekki um það að Ísland velji sér þau ákvæði sem henta og skilji hitt eftir. Í landbúnaði vitum við þegar meginniðurstöðuna. Við værum að fara inn í tollabandalag svo tollvernd hyrfi. Ísland tæki upp sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB sem byggir á allt öðrum og ólíkum forsendum en hér.

Núverandi stuðningur hyrfi því og það yrði endurhannað. Sérlausnir gætu svo sannarlega - svo sannarlega mildað höggið af umbreytingunni, en þær breyta því ekki að við færum frá kerfi sem er sniðið fyrir Ísland yfir í kerfið sem byggir á öðrum forsendum. Í dag getur landbúnaðurinn nefnilega horft til allra átta hvort sem er til ESB, norska kerfisins eða reynslu annarra þjóða.

Við getum tekið það sem gagnast íslenskum aðstæðum og aðlagað að íslensku regluverki og við getum látið hitt eiga sig. Við getum lært af finnskum byggðarstuðningi, norskum fjárfestingastuðningi, evrópskum umhverfisverkefnum. Þetta er frelsið sem að við búum við í dag. Þessu verðmæta svigrúmi værum við að fórna. Í stað þess að velja lausnir eftir þörfum Íslands þyrftum við að laga íslenskan landbúnað að sameiginlegu kerfi 27 ríkja sem almennt starfa við gjör ólíkt umhverfi.

Því er ekki um að ræða einhverjar minni háttar breytingar á íslenskum landbúnaði heldur algera kollvörpun. Aftur þá er ég hér með ekki að segja að íslenska kerfið sé fullkomið. Það má eflaust bæta á mörgum sviðum en það getum við og það reyndar gerum við ótt og títt. Greinin er ekki safngripur sem er bannað að snerta. Hún er í stöðugri þróun í tækni, kynbótum, dýravelferð, loftslagsaðgerðum, nýtingu hráefna og orkuskiptum og sú þróun mun halda áfram.

Spurningin er ekki hvort svo verði heldur frekar á hvers forræði. Þar tel ég okkur betur borgið að setja sjálf stýrið og velja leiðir út frá okkar stöðu og á okkar forsendum. Við segjum nú sem áður já við framförum nýsköpun og alþjóðlegu samstarfi. Við segjum bara nei við þeirri sérkennilegu hugmynd að allar framfarir þurfa að koma í formi reglugerðapakka frá Brussel.

Eitt verð ég að nefna í allri þessari vegferð og það er framsetningin á þjóðaratkvæðagreiðslunni. Við skulum muna hvernig þjóðaratkvæðagreiðslan var kynnt í upphafi. Hún átti að vera val þjóðarinnar um hvort ætti að fara í þessa vegferð eða ekki. Einföld og heiðarleg já eða nei spurning. En tónninn hefur breyst. Nú tala sumir helstu baráttumenn og jafnvel ráðherrar fyrir viðræðum eins og aðeins eitt svar sé fullgilt. Já sé lýðræðislegt og framsýnt en nei sé einhvers konar tilraun til þess að hafa samning af þjóðinni.

Nei! Fólk sem kýs nei er ekki að taka neitt af neinum öðrum. Að setja slíkt fram er ekkert annað en skilgreining á popúlisma. Við sem kjósum nei erum ekki - ef við erum að fara að gera það sem við vorum beðin um. Við erum að svara spurningunni.

Fyrir kosningar sagði forsætisráðherra: „Ég vil ekki standa frammi fyrir því að vera með klofna þjóð á næsta kjörtímabili. Hvað ef við fáum þá niðurstöðu upp úr kassanum 52 48? Hvað á að

gera ef þú færð svoleiðis niðurstöðu? Ég vil að verkalýðshreyfingin geti verið einhuguð um þetta að atvinnurekendur geti verið einhugaðir um þetta. Það þarf að vera vel yfirgnæfandi stuðningur fyrir svona vegferð.“ Tilvitnun líkur.

Þetta var skynsamlegt mat hjá forsætisráðherra sem ég tek heilshugar undir. En hver er staðan núna? Þjóðin er klofinn. Verkalýðshreyfingin er ekki einhuga. Atvinnurekendur eru ekki einhuga. Tveir af hverjum þremur félagsmönnum samtaka atvinnulífsins eru andvígir aðild og meirihluti félagsmanna samtaka iðnaðarins sömuleiðis. Ekki einu sinni meirihluti Alþingis styður þessa vegferð. Samt er okkur sagt að leggja af stað af því að jú við getum nú alltaf hætt við síðar.

En stjórnmál eiga ekki að vera eins og illa skipulagt ferðalag að keyra um í nokkur ár og spyrja svo hvort nokkur hafi í raun viljað fara á áfangastað til að byrja með. Eins og Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðiprófessor orðaði það nýlega að í hlaðvarpsþættinum *Komi gott*: „Ef það er eitthvað sem vantar ekki þá eru það upplýsingar. Þjóðarbókhlaðan er stútfull af upplýsingum.“ Tilvitnun líkur.

Vandinn er ekki skortur á upplýsingum. Við vitum hvaða sáttmálar gilda. Við vitum að Ísland færi inn í tollabandalagið og við vitum að við tökum upp sameiginlegar stefnur. Og við vitum að smáríkið fær sæti við borðið en við vitum líka að við erum ekki að fara að ráða niðurstöðunni. Og við skulum hafa eitt á hreinu. Við samningaborðið verður ekki samið um: íslenska verðbólgu, vexti heimilanna, húsnæðisvandann eða matvælaverð í íslenskum verslunum.

Þetta eru verkefni íslenskra stjórnvalda. Við þurfum því ekki að hefja aðildarviðræður til að fá frekari upplýsingar um hvað aðild þýðir. Við þurfum að ákveða hvort við viljum þessar þekktu grundvallarbreytingar sem felast í aðild að ESB. Mitt svar er nei. Ekki af því að við óttumst Evrópu, viljum einangrun eða kyrrstöðu, heldur af því að við treystum okkur til að ráða málum okkar sjálf, sækja bestu hugmyndirnar hvar sem þær finnast og laga þær að íslenskum aðstæðum.

Sú nálgun hefur ekki skilað stöðnun. Hún hefur skilað okkur í fremstu röð ríkja heims. Við viljum náið samstarf við Evrópu. Við viljum viðskipti, ferðafrelsi, rannsóknir, menntun og vináttu. Við viljum öflugan, nútímalegan og sjálfbæran landbúnað sem heldur áfram að þróast í samtali við umheiminn en á íslenskum forsendum.

Þess vegna segi ég nei við aðildarviðræðum. Ekki nei við vinum okkar. Ekki nei við samstarfi. Ekki nei við framförum, heldur já við Íslandi og sjálfstæðri ákvarðanatöku. Svo skulum við leggja þessa óþörfu vegferð til hliðar, bretta upp ermarnar og snúa okkur að verkefnum sem bíða: lægri verðbólgu, lægri vöxtum og sterkara samfélagi um allt land.

Takk fyrir. [fagnaðarlæti]